

15. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 17. febrúar 2011, kl. 11.40 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Helgi Jóhannsson formaður, Hildur Ösp Gylfadóttir, Sigurður Valur Ásbjarnarson, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Jónína Magnúsdóttir, Valgerður Ósk Einaradóttir fulltrúi kennara, Sunna Valsadóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmina Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna. Því næst bar hann fundargerð síðasta fundar upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

## **Dagskrá:**

### **1. Samningar, skólasamningur og stofnanasamningur**

Skólameistari lagði fram nýsamþykktan stofnanasamning Menntaskólans á Tröllaskaga og KÍ vegna félagsmanna þess sem starfa við skólann. Fulltrúi kennara fór yfir samninginn og útskýrði það sem sérstaklega snýr að MTR. Þá gerði skólameistari grein fyrir ákveðinni útfærslu í samningnum. Stofnanasamningurinn gildir einungis þetta skólaár.

-Drög að skólasamningi, sem nú liggja fyrir til umfjöllunar í menntamálaráðuneyti, lögð fram til kynningar ásamt sjálfsmatsáætlun. Skólameistari og aðstoðarskólameistari munu fara á fund í ráðuneyti í næstu viku vegna samningsins.

Hildur Ösp spurðist fyrir um skólanámskrá og skólameistari upplýsti að þær upplýsingar sem tilheyra skólanámskrá liggja á vef skólans og þar muni þær verða aðgengilegar framvegis.

### **2. Fjármál og rekstur**

Skólameistari gerði grein fyrir að ekki lægi enn fyrir hvernig nemendaígildi og fjárframlög vegna þeirra verði í vor þegar kemur að innritun nýnema. Þá hefur ekki heldur verið tekin afstaða í ráðuneyti til erinda er varða tilfærslu á fjármunum sem ekki nýttust fyrir áramót, m.a. til stofnbúnaðarkaup, og þess að nemendaígildi voru ekki að fullu nýtt.

### **3. Reglur um notkun húsnæðis, hugmyndavinna**

Skólameistari upplýsti að hugmyndir að reglum um notkun skólahúsnæðis utan skólatíma væru í mótun, ásamt hugmyndum að gjaldskrá. Reglurnar verði þó ekki settar fyrr en eftir formlegar viðræður við Fjallabyggð.

### **4. Námsbraut um íþróttir og útivist, samstarf FASK, FNV og MTR, stöðuskýrsla**

Skólameistari sagði frá samstarfi sem tekið hefur verið upp milli FASK, FNV og MTR. Að þessu verkefni munu ýmsir koma, m.a. björgunarsveitirnar og Landsbjörg. Ýmsir möguleikar og hugmyndir eru í umræðunni. -Í kjölfar samþykktar síðasta skólanefndarfundar um breyttar áherslur frá ferðum til íþróttar, er nú unnið að útfærslu íþróttar- og útivistarbrautar af krafti.

### **5. Fisktæknibraut, stöðuskýrsla**

Enn er nokkur óvissa um hver framvinda verður í þróun fisktæknibrautar en unnið er í málefnum hennar.

### **6. Starfsbraut**

Fyrir liggur að von er á nemendum á starfsbraut næsta haust. Því verður farið í undirbúning brautarinnar sem fyrst og farið fram á fjármagn til undirbúnings hennar.

### **7. Önnur mál**

#### **7.1 Söngkeppni nemendafélagsins Tröllla**

Fulltrúi nemenda gerði grein fyrir að í kvöld verður haldin söngkeppni nemenda í Allanum á Siglufirði. Þá kom einnig fram að nemendur tóku þátt í *Gettu betur* en náðu ekki að komast í næstu umferð. Nefndarmenn lýstu ánægju með þátttöku nemenda í þessum viðburðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:37

Fundargerð ritaði  
Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir